

Leikskóli Fjallabyggðar

Ársskýrsla

Skólaárið 2015– 2016



Leikhólar Ólafsfirði



Leikskálar Siglufirði

Efnisyfirlit.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR	3
GERÐ LEIKSKÓLA, HÚSNÆÐI OG LÓÐ	3
2. STARFSGRUNÐVÖLLUR.....	4
2.1 UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR, MARKMIÐ OG MATSAÐFERÐIR.....	4
2.2 UPPELDISSÝN LEIKSKÓLA FJALLABYGGÐAR	4
2.3 DAGLEGA LÍFIÐ Á LEIKHÓLUM OG LEIKSKÁLUM	5
2.4 SKIPULAGIÐ Í HNOTSKURN.....	6
3. BÖRN.....	7
3.1 FJÖLDI BARNNA OG BARNGILDI.....	7
3.2 BÖRN SEM NJÓTA SÉRKENNSLU/STUÐNINGS/SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU.....	7
4. STARFSMENN	8
4.1 FJÖLDI STARFSMANNA.....	8
4.2. STARFSMENN LEIKSKÓLA FJALLABYGGÐAR VETURINN 2015 – 2016.	8
5. NÁMSKEIÐ, FRÆÐSLUERINDI, ENDURMAT OG UMBÓTASTARF	10
5.1 FUNDIR.....	10
5.2 SKIPULAGSDAGAR	10
5.3. ENDURMAT OG UMBÓTASTARF	11
5.4 NÁMSKEIÐ OG ENDURMENNTUN STARFSMANNA.	14
6. SAMSTARF	15
6.1 FORELDRASAMVINNA.....	15
6.2 SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLANN.....	16
6.3 BRUNAVARNIR.....	16
7.VIÐHALD OG BREYTINGAR	16
7.1 VIÐHALD Á HÚSNÆÐI LEIKSKÓLA FJALLABYGGÐAR.....	16
7.2 VIÐHALD LÓÐA.	16
7.3. VIÐBYGGING VIÐ LEIKSKÁLA	17
LOKAORÐ	17



1. Almennar upplýsingar

Gerð leikskóla, húsnæði og lóð

Leikskóli Fjallabyggðar tók til starfa í ágúst 2010. Þá voru leikskólarnir Leikhólar í Ólafsfirði og Leikskálar á Siglufirði sameinaðir í Leikskóla Fjallabyggðar.

Leikskólinn Leikhólar tók til starfa í núverandi húsnæði í júní árið 1982. Skólinn er þriggja deilda og er 430 fermetrar að flatarmáli en leikrými er um 170 fermetrar. Deildirnar heita Álfhóll, Hulduhóll og Tröllahóll. Á Álfhól eru yngstu börnin 1 til 2 ára. Á Hulduhól eru börn á aldrinum 2 - 4 ára og Tröllahóll er fyrir 4 til 6 ára börnin.

Leikskólinn Leikskálar tók til starfa í núverandi húsnæði haustið 1993. Skólinn er þriggja deilda og er 579 fermetrar að flatarmáli en leikrými 293 fermetrar. Auk þess er nú ein deild í lausri kennslustofu á lóð leikskólans. Sú deild er um 60 fermetrar samtals og hýsir elstu nemendur leikskólans. Deildirnar heita Nautaskál, Skollaskál, Selskál og Núpaskál. Á Nautaskál eru yngstu börnin 1 til 2 ára. Á Skollaskál eru börnin á aldrinum 2 - 4 ára, á Selskál eru börnin 4 ára og á Núpaskál eru 5 - 6 ára börn. Leikskóli Fjallabyggðar er einsetin og á öllum deildum er boðið upp á breytilegan vistunartíma frá 4 – 8 ½ klukkustundir á dag og er leitast við að mæta þörfum foreldra um vistunartíma, eftir því sem hægt er.

Heit máltíð er borin fram í hádeginu, jafnframt því sem boðið er upp á morgunverð og nónhressingu.

2. Starfsgrundvöllur

2.1 Uppeldislegar áherslur, markmið og matsaðferðir

Leikskóli Fjallabyggðar byggir starf sitt á lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.

Í lögum segir að veita skuli börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði.

Ennfremur segir að leikskólinn skuli í samráði við foreldra og aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun. Meginstefna í markmiðslýsingu laganna er að uppeldistarfið myndi órofna heild og stuðli þannig að því að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins.



2.2 Uppeldissýn Leikskóla Fjallabyggðar

Við viljum leitast við að rækta með einstaklingnum þá hæfileika sem koma til með að nýtast honum best í nútímasamfélagi. Við teljum mikilvægt að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega hæfni og trú á eigin getu. Við viljum að samfélag okkar sé byggt upp af ríkri samkennd með þeim sem minna mega sín og teljum því mikilvægt að rækta eiginleika eins og kærleik, hjálpssemi, umburðalyndi, tillitsemi og ábyrgðarkennd. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttuna, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti. Markmið okkar er að tekið sé mið af þörfum, styrkleika og getu barnanna. Að þeim líði vel og þau finni til öryggis og hlýju í leikskólanum. Síðast en ekki síst að frá leikskólanum útskrifist kát og glöð börn, sem bera virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfi sínu. Jafnframt að börnin hafi þann félagsþroska og almenna færni sem þarf til að takast á við næsta skólastig.

Leikurinn er hornsteinn starfsins og við göngum út frá virkri þátttöku barnanna.

2.3 Daglega lífið á Leikhólum og Leikskálum

Daglega lífið hjá okkur markast af föstum athöfnum og er sniðið að þörfum barnanna. Þar ríkir jafnvægi á milli mismunandi þátta: á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileiks og útileiks, á milli hópstarfs og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi.

Dagskipulagið var endurskoðað eftir sumarlokun að venju með samsetningu og þarfir barnahópsins í huga.

Dagskipulag yngri deilda

7:45-8:00	Leikskólinn opnar/róleg stund
8:00-8:45	Morgunverður
8:45-9:45	Frjáls leikur
9:45-10:00	Ávaxtatími
10:00-10:40	Hópstarf
10:40-11:20	Útivera
11:30-12:00	Hádegisverður
12:00-14:00	Róleg stund/svefn
14:00-14:30	Frjáls leikur
14:30-15:00	Nónhressing
15:00-16:15	Útivera eða frjáls leikur inni (fer eftir veðri og árstíma)
16:15	Leikskólanum lokað

Dagskipulag eldri deilda.

7:45	Leikskólinn opnar
8:00-8:25	Róleg stund/frjáls leikur/morgunmatur
8:25-9:50	Leikið á völdum svæðum
9:50-10:00	Ávaxtastund
10:00-11:00	Hópstarf
11:00-11:50	Útivera
11:50-12:00	Frágangur og þvottur f. mat.
12:00-12:30	Hádegismatur
12:30-13:00	Róleg stund/lestur hópaskipt
13:00-14:30	Frjáls leikur

14:30-15:00	Nónhressing
15:00-16:15	Útivera eða frjáls leikur inni eftir veðri og árstíma.
16:15	Leikskólanum lokað

2.4 Skipulagið í hnotskurn

Markmiðið er að hafa dagskrána sem líkasta frá degi til dags. Ákveðnar tímasetningar og skipulag skapa ramma um leikskólastarfið og um leið festu og öryggi fyrir barnið og starfsfólkið.

Á matmálistímum er ávallt boðið upp á fjölbreyttan og næringarríkan mat. Það er stefna leikskólans að máltíðir séu matreiddar frá grunni úr góðu hráefni. Unnar matvörur eru sjaldan notaðar mikið af brauðum er bakað á staðnum. Grænmeti og ávextir eru í boði á hverjum degi. Áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði og einnig að þau kynnist hollum og fjölbreyttum mat. Börnin skiptast á að vera þjónar, en þeirra hlutverk er að leggja á borð og kynna fyrir hinum börnunum hvað er í matinn

Svefn og hvíld er öllum börnum nauðsynleg. Lögð er áhersla á kyrrláta stund á degi hverjum þar sem yngstu börnin sofa en þau eldri hlusta á sögu, spjalla eða eru í rólegum leik.

Útivera. Í fataklefanum æfa börnin að klæða sig í og úr. Útivera er hverjum og einum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli, matarlyst og býður upp á góða hreyfingu. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Úti gilda líka aðrar reglur en inni, þar má hamast og hafa eins hátt og við viljum.

Róleg stund. Þá finnum við okkur eitthvað til dundurs eins og t.d. púsl og perlur, spjöllum saman, förum með vísur, segjum hvert öðru sögur eða förum í leiki.

Frjáls leikur/val er sá leiktími þar sem allir hópar á deildinni blandast saman. Börnin geta valið að eigin frumkvæði ákveðin svæði t.d. byggingasvæði, bíla eða borðvinnu s.s. púsl, perl, teikningu. Á þessum svæðum ræður frjálsi leikurinn ríkjum og þar geta börnin leikið á sínum forsendum með skapandi efnivið. Starfsfólkið hefur eftirlit með leiknum, er vakandi fyrir samskiptum og félagsfærni og aðstoðar þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leikinn með því að taka þátt ef þarf eða koma með tillögur sem gera leikinn aðgengilegri fyrir

viðkomandi barn. Jafnframt er lögð áhersla á að börnin fái sjálf að kljást við efniviðinn og viðfangsefnið áður en gripið er inn í.

Hópastarf er sá tími þegar börnin vinna að skipulögðum verkefnum eða leikjum í aldursskiptum hópum undir stjórn leikskólakennara/leiðbeinenda.

Markmið okkar með hópastarfinu er meðal annars að:

- efla hópkennd barnanna, vináttu þeirra og samkennd
- efla virkni þeirra og getu
- efla sköpunargleði
- að hafa gaman af því sem við erum að gera
- sinna markvisst þeim námssviðum sem okkur ber að sinna samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

3. Börn

3.1 Fjöldi barna og barngildi

Á miðju skólaári í janúar/febrúar 2016 voru 122 börn í Leikskóla Fjallabyggðar

Á Leikskálum voru 78 börn og á Leikhólum voru þau 44.

Aldursskipting var eftirfarandi:

Fæðingarár	Leikskálar	Leikhólar
2010	16	11
2011	9	7
2012	22	10
2013	14	6
2014	14	10
2015	3	

3.2 Börn sem njóta sérkennslu/stuðnings/sérfræðipjónustu

Skólaárið 2015/2016 voru 12 börn í Leikskóla Fjallabyggðar sem nutu sérstaks stuðnings/sérkennslu í leikskólanum. Samtals voru rúmlega tuttugu börn sem nutu sérfræðipjónustu á skólaárinu t.d. frá talmeinafræðingum og sjúkráþjálfurum og ráðgjafa félagspjónustu vegna félagslegra erfiðleika, málþroskaraskana og frávika í hreyfiproska.

4. Starfsmenn

4.1 Fjöldi starfsmanna

Starfsmannafjöldi miðast m.a við fjölda og dvalartíma barnanna. Einnig hve mörg börn njóta sérstuðnings í leikskólanum.

Á miðju skólaári, um mánaðarmót janúar/febrúar 2016 voru samtals 39 starfsmenn við leikskólann í stöðuhlutföllum frá 50% upp í 100%.

7 leikskólakennarar (einn í námsleyfi og annar að hluta til í námsleyfi)

2 leik- og grunnskólakennarar.

2 grunnskólakennarar

1 aðstoðarleikskólakennari.

1 þroskaþjálfari

1 iðjuþjálfari

2 félagsliðar

3 leikskólaliðar

16 leiðbeinendur

2 matráðar.

1 aðstoðarmatráður

1 starfsmaður við ræstingar á Leikhólum e. lokun á daginn.

Verktaki sér um ræstingu Leikskála.



4.2. Starfsmenn Leikskóla Fjallabyggðar veturinn 2015 – 2016.

Skrifstofa: Olga Gísladóttir Leikskólastjóri, Kristín Karlsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Matráðar: Hanna Þóra Benediktsdóttir á Leikskálum og Guðlaugur M. Ingason á Leikhólum

Aðstoð í eldhúsi á Leikskálum: Lísu Dögg Ómarsdóttir

Afleysing: Una Dagný Hreiðarsdóttir og Arna Marín Sigurlaugsdóttir á Leikhólum og á Leikskálum: Þórhildur Sölvadóttir leiðbeinandi, Ásdís Sigurðardóttir leiðbeinandi og Ólöf Ingimundardóttir, leikskólaliði.

Umsjón með sérkennslu: Hrefna Katrín Svavarsdóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir.

Starfsmenn deilda voru:

Álfhóll

Berglind Hrönn Hlynisdóttir, deildarstjóri, Fanney Jónsdóttir og Ragnildur Vestmann leiðbeinendur.

Hulduhóll

Þuríður Guðbjörnsdóttir, deildarstjóri, Gerður Ellertsdóttir leikskólaliði, Sigurbjörg Vigfúsdóttir, leiðbeinandi, Katrín Elva Ásgeirsdóttir, leiðbeinandi.

Tröllahóll

Björk Óladóttir deildastjóri, Fjóla Sigmundsdóttir, leikskólaliði, María Guðmundsdóttir, leikskólaliði, Guðbjörg Þorsteinsdóttir leiðbeinandi, Gunnlaug Björk Guðbjörnsdóttir, leikskólakennari (í námsleyfi)

Nautaskál

Ína Sif Stefánsdóttir, deildastjóri, Hulda Katrín Hersteinsdóttir, leiðbeinandi, Guðbjörg Lilja Védísardóttir, leiðbeinandi, Steinunn Helga Ómarsdóttir, leiðbeinandi, Helen Svala Meyers, félagsliði

Skollaskál

Guðný Huld Árnadóttir deildastjóri, Fanney Ásgerður Hafliðadóttir leiðbeinandi, Berglind Ýr Birkisdóttir leiðbeinandi, Gurrý Anna Ingvarsdóttir leikskólakennari,(í námsleyfi að hluta) Birna Óladóttir leiðbeinandi.

Selskál

Elín Björg Jónsdóttir deildastjóri, Erla Ösp Ragnarsdóttir aðstoðarleikskólakennari, Jón Árni Sigurðsson leiðbeinandi, Priscila Jaques Vieira félagsliði,

Núpaskál

Víbekka Arnardóttir deildastjóri, Kristín Hólm Hafsteinsdóttir leikskólakennari, Dána Lind Arnarsdóttir leiðbeinandi, Ásta Lovísa Pálsdóttir leiðbeinandi.

Ræsting: Ólöf Þorvaldsdóttir, Leikhólum. Verktaki sér um ræstingu á Leikskálum.



5. Námskeið, fræðsluerindi, endurmat og umbótastarf

5.1 Fundir

Starfsmannfundir voru tvisvar á önn á vinnutíma og er leikskólinn lokaður hálfan daginn þá daga. Ennfremur voru fjórir starfsmannafundir utan vinnutíma á skólaárinu.

Á starfsmannfundum eru rædd þau málefni er snerta starfsemi Leikskólans. Þá er starfið endurskoðað, undirbúið og stundum boðið upp á fræðsluerindi.

Deildarfundir Reynt er að koma því við að deildarfundir séu einu sinni í mánuði fyrir hverja deild í útiverutíma. Þá sjá starfsmenn annarra deilda um börnin á meðan fundurinn stendur.

Deildarstjórafundir voru að meðaltali á þriggja vikna fresti. Á þeim fundum var komið á framfæri ýmsum skilaboðum sem koma öllum deildum við og ýmis mál rædd er varða, starfið og skipulagið. Á þessum fundum eru teknar sameiginlegar ákvarðanir um ýmis málefni er varða starfsemi leikskólans.



5.2 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru þrír á hverju skólaári og eru þeir ýmist notaðir til námskeiðahalds, skipulagningar, endurmats og undirbúnings fyrir starfið eða í vettvangsferðir til að kynna sér starf á öðrum leikskólum. Þá daga er leikskólinn lokaður og er það auglýst með góðum fyrirvara.

Fyrsti skipulagsdagurinn var í byrjun október. Hann var nýttur í vinnu við innra mat leikskólans. Að þessu sinni voru metnir tveir þættir *þroski og framfarir barnanna og nám í gegnum leikinn*. Stuðst er við matstækið Barnið í brennidepli.

Seinni tveir skipulagsdagarnir voru settir á 4. og 6. maí. Þá daga nýttu starfsmenn Leikskóla Fjallabyggðar í náms- og kynnisferð til Brighton í Englandi. Í þeirri ferð sátu starfsmenn meðal annars hálf dags námskeið í notkun Numicon, sem er efniviður til stærðfræðikennslu. Einnig var farið í skipulagðar heimsóknir í fjóra mismunandi leik- og grunnskóla og setnir fyrirlestrar um skipulag þeirra og hugmyndafræði. Það er mjög skemmtilegt og gagnlegt að fara í svona ferðir saman. Starfsmannahópurinn fær tækifæri til að kynna sér nýjungar, stefnur og strauma í faginu. Fólk kynnist á nýjan hátt og eignast sameiginlega reynslu sem hægt er að byggja á við skipulag vinnunnar í leikskólanum eftir að heim er komið.

5.3. Endurmat og umbótastarf

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, til grunnskóla og foreldra.

Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Leikskóli Fjallabyggðar notaðist við gátlista úr matstækinu Barnið í brennidepli við innra matið. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í matinu og leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri stýrðu vinnunni við það.

Þeir þættir sem teknir voru fyrir á skólaárinu voru:

Þroski og framfarir barnanna

Nám í gegnum leikinn

Stuðningur við börn og fjölskyldur

Vinnusiðfræði leikskólans

Fyrstu tveir þættirnir voru teknir fyrir á skipulagsdegi í október. Allt starfsfólk Leikskóla Fjallabyggðar vann að matinu í hópavinnu. Starfsfólk frá Leikhólum og Leikskálum var saman í hópunum við mat á þessum þáttum. Það fyrirkomulag hafði bæði kosti og galla. Starfsfólk fékk innsýn í starf beggja starfsstöðvanna og kynntist starfsfólki sem það er ekki í daglegum samskiptum við. Það sköpuðust fjörugar umræður í hópunum og þannig fékkst víðara sjónarhorn á viðhorf og venjur sem til verða á vinnustað. Niðurstöðurnar gáfu hins vegar ekki afgerandi mynd af hvorum stað fyrir sig og ekki var jafnauðvelt að átta sig á hvaða þættir þyrftu frekari skoðunar við og hvernig skyldi vinna í framhaldinu að umbótum.

Matsvinna fyrri annar

Niðurstöður úr mati á þáttunum *þroski og framfarir barnanna og nám í gegnum leikinn* sýndu bæði sterkar og veikar hliðar á starfinu.

Sterku hliðarnar:

Sterku hliðarnar okkar að mati starfsmanna eru að í leikskólanum vinnur jákvætt starfsfólk sem hefur gaman af vinnunni og leggur sig fram um að börnin þroskist, dafni og líði sem best í leikskólanum.

Starfsmenn eru sammála um að faglegi þátturinn sé að aukast og að vinnan sé orðin markvissari og að börnin séu hvött til að vinna á sem fjölbreyttastann hátt. Markvisst sé unnið að því að auka sjálfstæði barnanna og til sé fjölbreyttur og góður efniviður.

Starfsmenn telja ennfremur að tekið sé tillit til hvers og eins barns og þörfum þess mætt af skilningi og alúð.

Veiku hliðarnar:

- Að mati starfsmanna þurfum við að skoða Aðalnámskrá leikskóla betur og tengja daglega starfið sýnilegar við þá þætti sem þar er lögð áhersla á.
- Við þurfum að kynna betur fyrir foreldrum í upphafi leikskólagöngu barnanna þau mælitæki sem við notum í leikskólastarfinu til að meta þroska og hegðun barnanna og fá samþykki foreldra fyrir notkun þeirra.
- Húsnæði Leikskála var nefnt sem hamlandi þáttur í leikskólastarfinu. Talað var um stærð deilda, þrengsli, hávaða, ófullnægjandi húsnæði elstu deildarinnar í „gám“ á lóðinni og lélega vinnuaðstöðu starfsmanna til undirbúnings. Þá var minnst á lakan tölvukost leikskólans sem veika hlið á skólastarfinu.
- Lóðir Leikskála og Leikhóla þarfnast báðar gagngerra endurbóta. Leiktæki eru léleg og úr sér gengin og girðingin og hliðin á Leikskálum þarfnast endurnýjunar.

Í umræðum um nám í gegnum leikinn komu sterkar vísbendingar frá einum umræðuhópnum um að það þyrfti að skoða betur samskipti starfsfólks og barna, sérstaklega þann þátt sem snýr að því að spyrja börnin á faglegan hátt og hlusta á svör þeirra með það í huga að nýta þau á gagnlegan hátt. Taldi hópurinn að fagmennsku vantaði í samskiptum fullorðinna og barna í leikskólanum og gera mætti miklu betur í þessum þætti.

Matsvinna seinni annar

Seinni tveir þættirnir *stuðningur við börn og fjölskyldur og vinnusiðfræði leikskólans* voru teknir fyrir á starfsmannafundum á vorönninni. Þá var starfsmannahópurinn skiptur eftir vinnustöðvum. Að öðru leyti fór matið fram með sama hætti Starfsfólki var skipt í hópa og hver hópur gerði svo grein fyrir sínum niðurstöðum.

Niðurstöður úr þessum tveimur þáttum voru því bundnar við hvorn vinnustað fyrir sig og á þann hátt auðveldara að vinna að umbótum á því sem betur mátti fara að mati starfsmanna

Það kom ánægjulega á óvart hve samhljóða niðurstöðurnar urðu á frá báðum starfsstöðvunum þrátt fyrir áherslumun. Það eru sömu þættirnir sem starfsfólk beggja staða telur vera okkar sterku hliðar og sömu þættirnir sem eru að skora lágt og þurfa frekari athugunar við. Það teljum við vera til marks um að það sé að takast að gera leikskólann að einni stofnun sem vinni að sameiginlegum markmiðum þó alltaf sé einhver áherslumunur vegna breytilegra ytri aðstæðna.

Sterkar hliðar:

Það var samhljóma niðurstaða að sterku hliðarnar okkar í þessum tveimur þáttum væri hve vel er vakað yfir þroska og líðan barnanna í leikskólanum. Slysátíðni er lág og starfsfólki er umhugað um að búa börnunum öruggt og þroskandi umhverfi. Mikil reynsla er á vinnustaðnum og starfsfólk er almennt sveigjanlegt og tilbúið að takast á við fjölbreytt verkefni.

Veikar hliðar:

Starfsfólk er ekki nógu öruggt um viðbrögð við vanrækslu. Þörf er á að búa til verkferla og fá aukna fræðslu um barnaverndarmál. Einnig var bent á nauðsyn þess að fá fræðslu um viðbrögð við erfiðri hegðun og almennt að vanda til endurmenntunar.

Starfsfólk telur þörf fyrir að setja upp sjónræna verkferla t.d. ef slys ber að höndum. Einnig er þörf á að kynna skólanámskrána okkar og starfið í heild betur fyrir nýju starfsfólki. Gera skólanámskrána sýnilegri t.d. með því að taka einstaka þætti hennar fyrir á fundum.

Í framhaldi af innra mati skólaársins var gerð umbótaáætlun þar sem brugðist var við vísbendingum um þætti sem þarf að bæta í starfinu.



5.4 Námskeið og endurmenntun starfsmanna.

Við skipulag á endurmenntun starfsmanna er tekið tillit til óska um endurmenntun sem fram koma í starfsmannasamtölum auk þess sem metið er hvar þörf leikskólans liggur varðandi þörf fyrir nýja þekkingu eða upprifjun einstakra þátta.

Nokkur dæmi um námskeið sem sótt voru á skólaárinu:

- Námskeið í notkun skimunartækisins TRAS sem mælir mál- og félagsþroska. Nú eru nær allir leikskólakennarar stofnunarinnar búnir að fara á TRAS- námskeið
- Kröfuhörð starfsmannamál: Olga Gísladóttir
- Numicon- kubbarnar: Námskeið í Brighton fyrir allt starfsfólk leikskólans
- Námskeið um matreiðslu fyrir börn með óþol og ofnæmi: Guðlaugur Magnús.
- Námskeið og starfsdagur á vegum FSL um stjórnun leikskóla. Olga Gísladóttir
- Námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð v. sérkennslubarna: Hrefna Katrín
- Trúnaðarmannanámskeið: Hulda Katrín og Kristín Hólm
- Öryggistrúnaðarmannanámskeið: Ína Sif
- Uppeldi til ábyrgðar: Kristín María, Víbekka, Guðný Huld, Elín Björg, Olga, Björk og Þuríður.
- ADHD- námskeið: Gurrý Anna
- Tveir starfsmenn voru í leikskólaliðanámi hjá SÍMEY
- Tveir starfsmenn Leikskóla Fjallabyggðar voru í mastersnámi í sérkennslufræðum og einn í mastersnámi í stjórnun og forystu í skólum.

6. Samstarf

6.1 Foreldrasamvinna

Deildarstjórar skipuleggja og bera ábyrgð á foreldrasamvinnu hvað varðar dagleg samskipti. Stjórnendur leikskólans sjá um samskipti við foreldrafélag og foreldraráð. Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík.

Við leggjum mikla áherslu á að ná góðu samstarfi við foreldrana þegar barnið er að byrja og er í aðlögun, þá er lagður hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks.

- Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna var haldinn í ágúst þar sem kynnt var fyrirkomulag aðlögunar.
- Almennur foreldrafundur var haldin að hausti samkvæmt venju. Á þeim fundi er fyrirkomulag vetrarstarfsins kynnt og farið yfir helstu atriði skóladagatalansins.
- Pabba og afa kaffi . Börnin buðu Pabba og afa í kaffi í tilefni af Bóndadegi.
- Mömmu og ömmukaffi. Börnin buðu Mömmu og ömmum í kaffi í tilefni af Konudeginum
- Í byrjun desember komu foreldrar og skreyttu piparkökur sem börnin höfðu bakað í með börnum sínum leikskólanum. Markmiðið var að skapa jólastemmingu, vorum með jólatónlist, jólaskapið og boðið var upp á djús, smákökur og kaffi
- Jólaball, foreldrar komu sungu og dönsuðu í kringum jólatréð og gæddu sér á máluðum piparkökum og súkkulaði. Að þessu sinni var jólaball Leikskála haldið í íþróttasal grunnskólans við Norðurgötu og tókst það vel.
- Foreldrasamtöl, eru haldin tvisvar á ári, að hausti og á vori á Leikskálum. Foreldrasamtöl á Leikhólum eru í kringum afmælisdag barnsins. Foreldrum var einnig bent á að hægt væri að óska eftir samtali við leikskólastjóra og deildarstjóra hvenær sem er á skólaárinu og eins óskuðum við eftir samtali við foreldra ef þörf var á.
- Í lok maí var öllum foreldrum elstu barnanna boðið að vera við útskrift barna sinna
- Fyrir sumarfrí var skóladagatal næsta skólaárs kynnt fyrir foreldrum.

- Á auglýsingatöflu í fataklefum má finna fréttir og upplýsingar af starfinu, ásamt því að skoða yfirlitsblöð yfir hópavinnu og ýmsar aðrar upplýsingar.
- Dýgðavísir er sendur heim þegar byrjað er að fjalla um nýja dýgð í leikskólanum. Í dýgðavísinum koma fram hugmyndir og tillögur að umræðum og vinnu með dýgðina – hvaða bækur eru lesnar og hvað sungið í tengslum við dýgðavinnuna.

6.2 Samstarf við grunnskólann

Lögð hefur verið áhersla á að miðla upplýsingum á milli skólastiga, deila hugmyndum, ræða hugmyndafræði, kennslufræði og skipulag þessara skólastiga. Hljóm og þroskalisti eru upplýsingar sem fylgja barninu í skólann.

Börn í elsta árgangi Leikskólans fara í litlum hópum í heimsóknir í grunnskólann og börn frá grunnskólanum koma í heimsókn á Leikskólann.

Börn úr 6. bekk komu í tengslum við dag íslenskrar tungu og lásu fyrir börnin.

6.3 Brunavarnir

Slökkviliðsstjóri kom í heimsókn og fékk elstu börnin í lið við sig. Einu sinni í mánuði fóru tvö börn um leikskólann og skoðuðu brunavarnir skólans, héldu skrá yfir það sem var ábótavant og hvað var í lagi. Í lokin fengu þau viðurkenningu frá slökkviliðsstjóra.

7. Viðhald og breytingar

7.1 Viðhald á húsnæði Leikskóla Fjallabyggðar

- Farið yfir neyðarlýsingu og skipt út ónýtum ljósum
- Farið yfir allar klemmuvarnir.
- Farið var yfir allar gluggafestingar og þær lagaðar.
- Hillur voru yfirfarnar og festar betur
- Fataherbergi og gangar voru málaðir á Leikhólum
- Reynt var að þetta lausa kennslustofu á lóð með því að klæða ofan á tengigang en með takmörkuðum árangri.

7.2 Viðhald lóða.

- Leiktæki máluð
- Ónýtir kofar á lóð Leikskála fjarlægðir

- Skipt um sand í sandkössum.
- Ungbarnarólur endurnýjaðar á Leikhólum
- Lóðir slegnar
- Jarðvegur lagfærður í kring um kastala á lóð Leikhóla
- Gert við hlið á Leikskálum (Hliðin eru orðin mjög léleg og þarfnast endurnýjunar)

7.3. Viðbygging við Leikskála

Um áramót var byrjað á viðbyggingu við Leikskála á Siglufirði. Gert er ráð fyrir að húsnæðið hýsi tvær nýjar deildir á jarðhæð auk aðstöðu fyrir sérkennslu. Á efri hæð viðbyggingarinnar verður kaffistofa starfsmanna og aðstaða til undirbúnings fyrir starfsmenn.

Þá var áætlað að setja nýtt loftræstikerfi í allt húsið og breyta forstofu og starfsmannasalernum en sú vinna dregst fram á næsta skólaár.

Lokaorð

Í Leikskóla Fjallabyggðar er leitast við að vinna faglegt og framsækið starf oft á tíðum við nokkuð erfiðar aðstæður þar sem börnum hefur fjölgað ört undanfarin ár og húsnæði Leikskála er sprungið utan af starfseminni. Á því er verið að ráða bót og við horfum björtum augum til framtíðar.

Við búum að fjölbreyttum og dýrmætum mannauði. Í leikskólanum starfar reynslumikið fólk með langan starfsaldur í bland við ungt og framsækið fólk sem færir ferskan andblæ inn í leikskólastarfið. Samskipti og samvinna við grunnskólann eru alltaf að aukast og við teljum nemendur fara vel undirbúna frá okkur yfir á næsta skólastig.

Við vinnum áfram ótrauð að því markmiði að gera Leikskóla Fjallabyggðar að öflugri menntastofnun í fremstu röð. Þannig leggjum við grunn að góðri menntun yngstu samborgaranna og nemendur okkar útskrifast úr leikskólanum fróð og góð.

Olga Gísladóttir, skólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar

Kristín María Hlökk Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar.